



Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið

irn@irn.is
545 8200

Sölvhólgötu 7,
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Þátttakendur í degi um fórnarlömb umferðarslysa

Reykjavík 5. október 2022
Tilv.: IRN22060063/3.14.0

Sunnudaginn 20. nóvember 2022 verður haldinn hér á landi alþjóðlegur minningardagur Sameinuðu þjóðanna um fórnarlömb umferðarslysa. Dagurinn er alþjóðlegur og er haldinn þriðja sunnudag í nóvember ár hvert. Hann er fyrst og fremst tileinkaður minningu þeirra sem látist hafa í umferðinni. Hér á landi hefur skapast sú hefð að færa þeim sjálfsboðaliðum og starfsstéttum sem veita hjálp, björgun og aðhlyningu þegar slys á sér stað þakkir fyrir óeigingjarnt starf sitt. Starf sem oft er unnið við mjög erfiðar aðstæður. Fjöldi fólks á þessum starfsstéttum líf sitt og heilsu að þakka. Það breytir þó ekki þeirri dapurlegu staðreynd að fjöldi fólks lætur lífið í umferðinni á hverju ári og hundruð slasast. Umferðarslys eru daglegt brauð og það ætti að verða okkur tilefni til að huga að eigin ábyrgð í umferðinni. Flest slys verða sökum yfirsjóna okkar, áhættu sem við tökum og hættulegs viðhorfs og hegðunar.

Nú þegar Covid-19 faraldurinn er að renna sitt skeið á enda getum við haldið minningardaginn í samræmi við þá venju sem sköpuð hafði verið. Faraldurinn kom í veg fyrir að fólk gæti komið saman að vild. Af hans völdum þurftum við að fella niður minningarstundina sem jafnan hefur verið haldin við þyrlupallinn í Fossvoginum. Við höfðum í staðinn árvekniátak sem við reyndum að láta ná til sem flestra. Í ár er ætlunin að halda aftur minningarstund á þyrlupallinum við Landspítalann í Fossvogi. Auk þess verða, líkt og undanfarin tvö ár, minningarviðburðir um land allt. Vakinn verður athygli á málefnum tengd umferðaröryggi í fjölmiðlum, m.a. með myndböndum og umræðum á samfélagsmiðlum.

Að þessu sinni verður dagurinn helgaður óvörðum vegfarendum. Í tengslum við þá áherslu og öryggi þessara vegfarendahópa verða viðtöl og reynslusögur sagðar í fjölmiðlum dagana fyrir minningardaginn.

Eins og í fyrra verður einkennislag dagsins lag Kristjáns Kristjánssonar, KK, When I think of angels, í flutningi hans og systur hans Ellenar Kristjánsdóttur. Lagið var samið til minningar um systur þeirra sem lést í umferðarslysi í Bandaríkjunum árið 1992. Ætlunin er að fá lagið flutt m.a. samtímis á öllum útvarpsstöðvum á minningardaginn sjálfan kl. 14:00 en sá háttur hefur verið hafður á undanfarin tvö ár.


Á minningardaginn sjálfan munu viðbragðsaðilar um land allt standa fyrir táknrænum minningarathöfnum og annast félagar í Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu skipulag og framkvæmd.

Kveikt verður á kertum og haldnar verða beinar vefútsendingar frá þeim athöfnum .

Rétt er að nota tækifærið og þakka ykkur öllum fyrir þátttöku í minningardegi undanfarinna ára. Baráttan fyrir auknu öryggi og fækkun slysa byggir ekki hvað síst á þeirri umræðu og vakningu sem hægt er að efla á degi sem þessum. Það hefur tekist ekki síst með ykkar stuðningi.

Ég óska okkur öllum góðs gengis við að auka öryggi í umferðinni.

Með kærri kveðju

A handwritten signature in blue ink, reading "Kj. Fugli Fóturmann". The signature is written in a cursive style with a large initial "Kj." and a long, sweeping underline.